

# Tilhögun veiði í Ólafsfjarðarvatni og Fjarðará í Ólafsfirði

Samþykkt á aðalfundi Veiðifélags Ólafsfjarðar 12. júní 2021.

1. Kvóti á dag verður 8 fiskar á hverja stöng.
2. Leyft verður að veiða á flugu og maðk í Fjarðará og Ólafsfjarðarvatni þar til kvóta hefur verið náð. Eftir það má eingöngu veiða á flugu og veiði sleppt.
3. Ekki verður leyfð veiði í Fjarðará eða netaveiði í Ólafsfjarðarvatni fyrir formlegan opnun 15. júlí.
4. Eingöngu má veiða á eina stöng fyrir landi hverjar jarðar á bændadögum.
5. Heildarkvóti ár hvert í hvert net eru 72 fiskar.
6. Gildir árin 2021 til 2023.

## Bændadagar í Fjarðará sumarið 2021.

20. júlí	Veiðítímabil skal vera frá 15. júlí til 20. september ár hvert.
27. júlí	
3. ágúst	Veiði er heimiluð frá kl. 7:00 til kl. 13:00 og frá kl. 16:00 til kl. 22:00 tímabilið 15. júlí til 20. ágúst. Og síðan frá kl. 7:00 til kl. 13:00 og frá kl. 15:00 til kl. 21:00 til loka veiðítímabilsins.
10. ágúst	
17. ágúst	
24. ágúst	
31. ágúst	
7. september	<b>MUNIÐ:</b> Aðeins ein stöng frá hverri jörð á bændadögum.
14. september	

Eftir 21. september og til 10. október er veiði á urriða (sjóbirtingi) heimil. Öðrum fiski skal sleppt.

Aðeins er heimilt að veiða með einu neti fyrir hverri jörð við Ólafsfjarðarvatn og ef/þegar kvóta sumarsins er náð skal það dregið upp og veiði hætt. Ekki er heimilt að leggja annað net í staðinn.

## Úr lögum um lax og silungsveiði.

### 13. gr. Veiðiskýrslur.

Gera skal skýrslu um veiði í sérhverju veiðivatni og netlögum sjávarjarða og hvílir skylda til skýrslugjafar á handhafa veiðiréttar og sérhverjum þeim er veiði stundar.

### 18. gr. Veiðitimi göngusilungs.

Á veiðitima þeim sem um getur i 1. mgr. skal göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.

## MUNIÐ AÐ SKILA VEIÐISKÝRSLUM